

Mættir: Ágúst F. Jakobsson skólastj, Hanna Lóa Friðjónsdóttir og Rósa Lilja Thorarensen fltr. kennara, Anna María Daniélsdóttir fltr. starfsf., Karólína Stefánsdóttir og Vilborg Garðarsdóttir fltr foreldra. Edda Gíslrún Kjartansdóttir aðstoðarskólastj. sem ritari.

Dagskrá:

Skóladagatal 2021-2022

Lögð fram drög að skóladagatali með samræmdri skólabyrjun, skólalokum og vetrarfríi grunnskóla og starfsdögum leik- og grunnskóla í Garðabæ. Í umræðum um málið kom fulltrúi kennara með ábendingu um að það væru kostir við að dreifa skipulagsdögum á fleiri vikudaga en fulltrúi foreldra benti á móti á að það hentaði foreldrum vel að sem flestir skipulags dagar liggi að helgum. Skólastjóri kemur athugasemdum á framfæri við fræðsluyfirvöld en skóladagatalið verður tekið fyrir á fundi skólanefndar á næstunni.

Varðandi aðra liði á dagatalinu sem snúa að Flataskóla sérstaklega komu fram athugasemdir um að erfitt væri að taka samtalsdaga á mánudögum, hvort hægt væri að hafa jólaball á sama degi og jólamat o.fl. Drögin að dagatalinu verða tekin til kynningar og umræðu innan skólans áður en það verður afgreitt endanlega.

Skólanámskrá

Fundarmenn fengu drög að endurskoðaðri skólanámskrá til skoðunar fyrir fundinn. Rennt yfir nýjan kafla um „viðmið um starfshætti“ sem er til þess ætlaður að skerpa á stefnuþáttum skólans. Sá kafla verður tekinn til umræðu með kennurum á næstunni en allar ábendingar skólaráðsfulltrúa varðandi þann hluta og aðra í plagginu eru vel þagnar.

Opinn fundur skólaráðs

Í starfsáætlun skólaráðs og reglugerð um skólaráð er gert ráð fyrir að skólaráð haldi að lágmarki einn opinn fund á ári um málefni skólans fyrir aðila skólasamfélagsins. Stefnt er að þeim fundi þann 16. mars nk. en vegna sóttvarna þarf væntanlega að hafa hann með fjarfundarsniði. Dagskrá mun innihalda kynningar á niðurstöðum kannana skólaársins og frjálsar umræður og fyrirspurnir um skólastarfið.

Undirbúningur næsta skólaárs

Starfsmannasamtölum er að mestu lokið og línur að byrja að skýrast fyrir næsta vetur hvað starfsmannahald varðar. Lítil sem engin hreyfing hjá kennurum en nokkuð um að skólaliðar og stuðningsfulltrúar hugsi sér til hreyfings til annarra starfa eða starfsloka. Innritun nemenda lýkur um miðjan mánuðinn og þá skýrast línur enn frekar. Hvað stundaskrárramma varðar er ljóst að kennslumagn hjá 1.-4. bekk þarf að minnka um 2,5 kennslustundir á viku eða um 20 mínútur á dag og fara þar með niður í viðmið aðalnámskrár.

Önnur mál

Fulltrúi foreldra spurði um aðgengi foreldra að skólanum. Nú mega foreldrar koma inn í skólann með grímur og með að viðhafa sóttgát. Það er því hægt að hafa bekkjarkvöld með því að foreldrar gæti fjarlægðar og séu ekki fleiri en 50 á staðnum.

Einnig spurt hvort hægt sé að bæta nemendum upp á einhvern hátt að ekki verður farið í skíðaferðir. Stjórnendur taka það til athugunar. Einnig rætt um 7. bekk en óljóst er enn hvort þau komast í skólabúðir. Það eru hins vegar áform uppi um að fara þá með þau í ferðalag í ca þrjá daga.